



Miðlun, varðveisla og sköpun

Tónlistarstefna Ríkisútvarpsins – hljóðvarps og sjónvarps



Hljóð- og sjónvarpsrásir RÚV endurspegla menningu og
tíðaranda samfélagsins hverju sinni með miðlun og margvíslegri
umfjöllun um innlenda og erlenda tónlist. RÚV skrásetur

[illegible]

Hljóð- og sjónvarpsrásir Ríkisútvarpsins taka virkan þátt í samstarfi evrópskra útvarpsstöðva með flutningi á tónleikahljóðritunum frá EBU, miðlun íslensks efnis til Evrópu í því skyni að lyfta undir íslenskt tónlistarlíf á erlendri grundu og reglulegri þátttöku í samevrópskum tónlistarverkefnum.



I. Rás 1 í íslensku tónlistarlífi

Rás 1 tekur virkan þátt í íslensku tónlistarlífi með því að styðja við frumsköpun og hafa frumkvæði að henni eins og kostur er, meðal annars með aðkomu að tónlistarhátíðum og sérstöfum viðburðum. Leitast er við að stofna til samstarfs við fremsta tónlistarfólk þjóðarinnar og ungt listafólk sem er að hasla sér völl. Rás 1 tekur virkan þátt í samstarfi evrópskra útvarpsstöðva með flutningi á tónleikahljóðritum frá EBU og miðlun íslensks efnis til Evrópu.

II. Tónlist í dagskrá Rásar 1

- Tónlistin er fjölbreytt og um hana er fjallað í tónlistarþáttum, talmálsþáttum og á milli dagskrárliða.
- Tónlistarvalið spannar vítt svið sígildrar og samtímatónlistar eftir innlenda og erlenda höfunda í túlkun innlendra og erlendra flytjenda.
- Sérstök áhersla er lögð á frumsamda íslenska¹ tónlist með íslenskum² flytjendum, bæði nýja tónlist og eldri tónsmíðar í nýjum búningi.
- Á dagskrá eru nýjar upptökur og eldri útgefin tónlist, ásamt tónlist sem hljóðrituð er á tónleikum eða í hljóðveri RÚV.
- Beinar útsendingar frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands og hljóðritanir frá tónlistarhátíðum og því sem hæst ber í tónlistarlífinu hverju sinni eru mikilvægur þáttur í miðlun Rásar 1. Um leið er tónlistin skrásett til framtíðar með varðveislu í safni.
- Tónlistarráð Rásar 1 markar hljóðritunarstefnu rásarinnar og hefur frumkvæði að tónleika- og hljóðvershljóðritunum og pöntun tónverka.

² Tónlistarfólk sem starfar í íslensku tónlistarlífi.

Tónlistarstefna Rásar 2

I. Rás 2 í íslensku tónlistarlífi

Rás 2 er vettvangur fyrir kynningu á tónlist og tónlistarfólki með breiða skírskotun í mismunandi tónlistarstefnur. Lifandi tónlist skipar mikilvægan sess í dagskrá rásarinnar, í beinni útsendingu, upptökum innanhúss og frá tónleikum, tónlistarviðburðum og hátíðum víðs vegar um landið. Rás 2 tekur þátt í að koma ungu tónlistarfólki á framfæri og er stökkpallur fyrir þau sem koma ný inn í tónlistarlífið á Íslandi. Rásin kemur tónlistarfólki á framfæri óháð aldri, kyni, kyntjáningu, þjóðerni og líkamlegu eða andlegu atgervi svo lengi sem tónlistin samrýmist ritstjórnarstefnu Rásar 2.

II. Tónlist í dagskrá Rásar 2

- Rás 2 veitir annarri tónlist en þeirri sem spiluð er á öðrum útvarpsstöðvum athygli ásamt því að leika það vinsælasta hverju sinni.
- Tónlistarráð fundar vikulega undir stjórn tónlistarstjóra og tekur ritstjórnarlegar ákvarðanir svo sem um hvaða lög fá fasta spilun á Rás 2.
- Rás 2 leggur ríka áherslu á fjölbreytni í tónlistarvali og jafnvægi í vali á tónlist frá mismunandi menningarheimum og málsvæðum.
- Hlutverk Rásar 2 er að virkja og skemmta fjölbreyttum hópi hlustenda af ólíkum uppruna og bjóða upp á víðtæka blöndu af dægurtónlist og tali.

III. Viðmið

- Íslensk tónlist er að lágmarki 40% þeirrar tónlistar sem leikin er á hverjum sólarhring.
- Að lágmarki fimm nýir titlar eru kynntir á lagalista í hverri viku.

¹³ Dæmi um slíka dagskrárliði eru Aldrei fór ég suður og Bræðslan.

- Íslensk tónlist er 80% alls tónlistarflutnings og tónlistarumfjöllunar.
- Að jafnaði er vikulega umfjöllun um íslenska tónlist í almennum dagskrárgerð eða tónlistartengdum þáttum.
- Ný íslensk tónlist í beinni útsendingu, frumfluttum upptökum eða myndböndum er vikulega í línulegri dagskrá og miðlað í spilara og á vef.
- Reglubundið samstarf er við Rás 1 og Rás 2 um upptökur, umfjöllun og miðlun á íslenskri tónlist.
- Árlega er að lágmarki ein samkeppni fyrir tónlistarfólk á Íslandi og afrakstrinum miðlað í dagskrárgerð.
- Sýndar eru upptökur frá minnst tíu tónleikum og/eða tónlistarviðburðum á ári, þar af að minnsta kosti fimm í beinni útsendingu.
- Að lágmarki eru sýndar fimm þáttaraðir eða heimildarmyndir um íslenska tónlist hvert ár.

Ríkisúthvarpinu, 23. janúar 2026
Stefán Eiríksson úthvarpsstjóri.



